

Nd.

547. Breytingartillögur

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 16. gr. Orðin „ef tilefni gefst að dómi barnaverndarráðs“ í 1. mgr. falla burt.
2. Við 23. gr. Orðin „og nánustu ættingjar samþykkja“ falla burt.
3. Við 33. gr. Greinina skal orða svo:

Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka. Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum, svo og þeim börnum, sem ekki njóta umsjónar nema annars foreldris eða hvorugs, og má hún setja slíkum börnum eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar.